

Umhverfisteymi Víkurskóla

Lokaskýrsla skólaárið 2024-2025



Almennt um teymið: starfsemi og markmið okkar

Umhverfisteymið var skipað á þessu skólaári af eftirfarandi aðilum: Veronica Piazza (teymisstjóri), Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir, Theodór Sveinjónsson og Elín Guðrún Heiðmundsdóttir. Elín G. Heiðmundsdóttir hætti um áramót og Ragnar Norðfjörð tók við á vorönninni.

Teymið hefur haldið áfram sinni starfsemi út frá markmiðum umhverfisstefnunnar Grænu Skrefanna Reykjavíkurborgar. Á þessu ári hefur áherslan verið lögð á þróun verkefnisins um matarsóun og innleiðingu græna bókhalds, enda er bókhaldið mikilvægasta verkefnið til að ná Skrefi #4. Stefnt var í byrjun árs að fá viðurkenningu fyrir þetta síðasta skrefið en fresta þurfti fram á næsta haust (sjá umfjöllun að neðan).

Umhverfisteymið hefur hist reglulega yfir tímabilið október til janúar með samtals 9 fundi. Að auki hafa tvær kynningar verið haldnar fyrir starfsfólk 27. nóvember og 24. mars.



Aðalverkefnin á skólaárinu

Á fyrsta fundinum var farið yfir stöðuna og ákveðið hvaða aðgerðir þurfti að vinna með í fjórða skrefinu. Slíkar aðgerðir hafa verið: endurbæting rannsóknar um matarsóun, innleiðing græna bókhalds, viðhald umhverfisspassans og skipulagning umhverfisviðburða með starfsfólkinu.

(i) Matarsóun

Verkefnið um matarsóun hjá 10. bekk hefur verið þróað áfram í samstarfi við stærðfræðiteymið. Breytingar voru gerðar á uppsetningu verkefnisins miðað við í fyrra til að i) auka þátttöku nemenda, ii) miðla betur niðurstöðum til hinna árganga og starfsfólks og iii) hafa skýrara námsmat.

Ákveðið var að halda áfram með þrjár mælingaumferðir yfir skólaárið (nóvember, febrúar og apríl) með jafningjafræðslu til starfsfólks og 8./9. bekkja eftir umferð #2. Við notuðum sama matseðilinn frá því í fyrra yfir allar mælingaumferðir til að einfalda samanburð milli umferða og jafnvel milli ára.

Rannsókninni var skipt í þrjú minni verkefni (mælingar - úrvinnsla gagna í stæ. - skýrslugerð í nátt.), hvert verkefni með sér hæfniviðið. Þessi breyting reyndist vel, enda leyfði kennurunum að gefa nemendum markvissara og skilvirkara námsmat fyrir hvert skref rannsóknarinnar. Mætingin nemenda í mælingum var skárri en í fyrra en mátti vera enn betri, samt var búið að birta áminningar með miklum fyrirvara á Mentor, Classroom og í tölvupósti til starfsfólks.

Skipulagning jafningjafræðslu var líka formlegri á þessu ári: nemendur sem höfðu áhuga á að reyna að hækka námsmatið sitt upp í A áttu að skrá sig, taka þátt á fund með nátt. kennara til að fá leiðbeiningar, skila inn tilbúinni kynningu við ákveðinn skilafrest og að lokum kynna í æfingakynningu. Eingöngu bestu hóparnir voru valdir: einn hópur kynnti fyrir starfsfólki þann 24. mars á kennarafundi, annar hópur kynnti fyrir 9. bekk og seinasti hópurinn fyrir 8.

bekk. Valið var handahófskennt. Áskorunin við þessa skipulagningu var að misstórir nemendahópar skráðu sig (sumir alltof stórir) og nemendur breyttu um skoðun í miðju ferilsins, sem við viljum helst forðast á næsta skólaári.

Í lokin var skýrsla unnin í náttúrufræði. Meiri áhersla var lögð á tengsl milli kolefnisspors og sjálfbærni matvæla svo sem túlkun myndrita. Tilfinning kennara er að það bætti skilning nemenda en upp á vissu marki. Íhugað er að auka umræðuna um kolefnisspor og umhverfisáhrif þess í nátt. kennslu.

Í heild sinni bætti átakið færni nemenda í vinnubrögðum í stærðfræði og náttúrufræði og jókst meðvitund um matarsóun.

(ii) Umhverfisspassinn

Allir nemendur hafa tekið þátt í þessu verkefni. Hver árgangur hefur tekið að sér að fara út tvisvar yfir skólaárið og hreinsa nærumhverfið með sínum umsjónar-/uglukennurum. Umsjónarkennarar áttu að fá rafræna umhverfisspassa með upplýsingum um framkvæmdina og tímasetningar.

Haldið var sama fyrirkomulagi frá því í fyrra, s.s. 3 vikur á árgang + 1 vika pása á milli. Ekki var talið þörf á að afmarka svæði fyrir sérstaka hópa. Uppröðun árganga var breytt: 10. bekkur fékk passann fyrst, svo 9. bekkur og 8. bekkur síðast. Þetta hefur reynst létt álagið á 10. bekk, sérstaklega á vorönninni.

(iii) Grænt Bókhald

Grænt bókhald snýst um skráningu upplýsinga og kostnað þ.s. innkaup, flokkun, kolefnisspor ferðalaga (innan- og utanlands), hlutfall samgöngusamninga og almenna sóun. Miklar raskanir hafa orðið á þessu verkefni, sem hefur þannig þróast hægar en áætlað var.

Mikil vinna fór fram í fyrra og í byrjun haustannar í að aðlag Excel skjalið frá Hildi Sif Hreinsdóttur verkefnastjóra til að henta okkar þörfum. Tilgangur excel skjalsins var að halda utan um árlega sóun og orkunotkun Víkurskóla.

Hildur upplýsti okkur á seinni helmingi haustannar að Excel skjalið sem við fengum væri orðið úrelt og að verið væri að vinna að öðrum leiðum til að vinna græna bókhaldið. Meðlimir teymisins áttu að kynna sér fræðsluna um græna bókhaldið á vefsíðu Grænu Skrefanna og hvernig ætti að stimpla inn gögnin í opinberu gagnagáttina, sem samkvæmt síðunni átti að gera fyrir 1. maí á hverju ári. Hildur Sif upplýsti okkur svo að gagnagáttin ætti eingöngu við ríkisstofnanir, sem var ekki þó tekið fram á vefsíðunni. Rætt var um að hafa samband við aðra skóla sem eru komnir lengra með græna bókhaldið en ekki náðist að fylgja þessu eftir.

Áætlun okkar var að setja inn gögn fyrir 2023 og 2024 á þessu skólaári en þurfti að endurskipuleggja í ljósi þessara nýju upplýsinga. Eftir áramót vorum við upplýst að gögn þyrfti að setja inn á samskiptagátt Klappir, sem skólinn hafði nú þegar aðgang að. Illa hefur gengið að nota Klappir vegna skorts á leiðbeiningum og stuðningi frá Reykjavíkurborg. Vinnan við græna bókhaldið var þar af leiðandi sett í pásu á vorönninni.

Samband náðist á endanum við Guðmund B. Friðriksson, staðgengill Hildar Sif í leyfi. Að hans sögn búið er að gera samning um premium-aðgang hjá Klöppum svo að starfsstaðir geti fært inn og greint bókhald sitt. Sigríður María Hreiðarsdóttir er tengiliðurinn á SFS sem mun „mappa“ upp kerfið í samvinnu við vinnustaðinn. Haft verður samband við Sigríði sem fyrst til að fá leiðbeiningar áður en skólaárið klárast en formlega vinnan við þetta mun hefjast á nýju í byrjun næsta skólaárs.

(iv) *Miðlun til starfsfólksins*

Okkur hefur fundist að hvetja þurfi starfsfólk meira til að vera duglegra að sinna umhverfissvænni hegðun. Pappírssóun minnkaði eftir að nýja kerfið tók gildi en meira mætti nota krassblöð og minnisblöð. Rætt hefur verið um að senda reglulegar áminningar t.d. á Facebook-síðu skólans eða í tölvupósti, en byrjað var fyrst á starfsmannafundi þann 27. nóvember. Þá var farið yfir okkar starfsemi í heild og minnt á umhverfissvæna hegðun.

Á hina fundinum 24. mars var farið yfir rannsókn um matarsóun og stöðu okkar í græna bókhaldinu. Að auki komu nemendur úr 10. bekk að miðla niðurstöðunum sínum til starfsfólks og það heppnaðist mjög vel og var góð þjálfun fyrir nemendur.

Í lokin rætt var að skipuleggja græna viðburði fyrir allt starfsfólk og/eða nemendur til að auka meðvitund og bæta skólastemninguna. Ekki tókst að fylgja þessu eftir.



Tillögur fyrir næsta skólaár

-Umhverfisspassinn: senda tölvupósta með meiri fyrirvara og áminningar á dagatalið.

-Græna bókhald og skref #4: innleiða formlega og ná úttekt fyrir áramót 2025.

-Viðburðir: skipuleggja einhverja stemningu sem stuðlar að umhverfisvitund, mögulega í samstarfi við skemmtinefnd?

-Matarsóun: vera með stífara fyrirkomulag varðandi jafningjafræðslu, t.d. hversu margir mega kynna saman og vera með formlega þátttökulista til að koma í veg fyrir að nemendur sem hafa ekki erindi mæti á fundi og æfingar.

-Þátttaka starfsmanna: senda út fleiri áminningar, upplýsa reglulega um framfarir og aðgerðir. Vera virkari á Facebook síðu starfsmanna.

-Sóun pappírs: minna á minnismiðum og krassblöðum. Útbúa sérstaka bakka fyrir minnismiða í prentaraherberginu svo að öll gætu fengið sér.